

Norska húsið
- Byggðasafn Snæfellinga og Hnappdæla

Ársskýrsla fyrir árið 2019



Safnstjóri: Hjördís Pálsdóttir

Efnisyfirlit

Starfsmannamál.....	2
Opnunartími.....	2
Gestafjöldi.....	3
Viðhald hússins.....	3
Styrkir árið 2019.....	3
Sýningar	4
Viðburðir.....	5
Námskeið, ráðstefnur og önnur störf.....	6
Krambúð.....	7
Eftirlit Safnaráðs.....	7

Starfsmannamál.



Guðrún Elena Magnúsdóttir, Rebekka Rán Karlsdóttir, Renata Sena og Þorgeir Helgason voru sumarstarfsmenn safnsins frá 17. maí til enda ágúst, Renata vann fram í september. Einnig vann Sigurður Grétar Jónasson á safninu um sumarið. Á þjóðbúningahátíðinni unnu Hjördís, Guðrún Elena, Sigurður Grétar, Renata og Þorgeir.

Sigurlína Sigurbjörnsdóttir starfar í 50% stöðu við skráningarmál í geymslu safnsins. Sigurður Grétar Jónasson sinnir tilfallandi verkefnum í safninu í tengslum við sýningar og viðburði. Einnig vinnur hann á safninu á sumrin og suma laugardaga yfir vetrarmánuðina.

Vert er að taka fram að starfsmenn Þjónustumiðstöðvar Stykkishólmsbæjar taka að sér ýmis verkefni fyrir safnið, þar sem nefna gluggaþvott, flutninga, málningarvinnu og ýmislegt tilfallandi.

Opnunartími.

Sumaropnun safnsins hófst 17. maí og stóð til 31. ágúst, opið var daglega frá kl. 10-17.

Opnunartímar utan sumaropnunar árið 2019 voru eftirfarandi:

- janúar - maí: mán. - fös. kl. 9-16, lau: kl. 09-12.
- september - nóvember: þri. - fös. kl. 13-16, lau. kl. 10-13.
- desember opnun var frá 1. - 23. desember, opið var daglega frá kl. 11-17. Opið öll fimmtudagskvöld frá kl. 20-22.

Gestafjöldi.

Sumaropnun maí - ágúst: 3720

Aðventuopnun í desember: 675

Aðrir gestir: 1021

Gestafjöldi alls: 5416

Tæplega helmingur borgaði sig inn til að fara að skoða 2. og 3. hæð safnins, ókeypis aðgangur var að breytilegum sýningum.

Aðgangseyrir: 1300 kr. fyrir fullorðna.

1100 kr. fyrir hópa fleiri en 10 (frítt fyrir skólahópa).

850 kr. fyrir aldraða og öryrkja.

Frítt fyrir 18 ára og yngri í fylgd með fullorðnum.

Safnapassi 2650 kr.

Viðhald hússins.

Minjastofnun 1.000.000 kr. - Málun innanhúss.

Styrkir árið 2019.

Uppbyggingarsjóður Vesturlands:

Jólasýning: 300.000 kr.

Júlíana Jónsdóttir sýning: 300.000 kr.

Samtals: 600.000 kr.

Minjastofnun Íslands:

Viðhaldsstyrkur: 1.000.000 kr.

Samtals: 1.000.000 kr.

Safnaráð Íslands:

Rekstrarstyrkur: 800.000 kr.

Skotthúfan: 600.000 kr.

Fyrirlestraröð fyrir börn og ungmenni: 500.000 kr.

Stafræn miðlun: 1.100.000 kr.

Símenntunarstyrkur: 300.000 kr.

Samtals: 3.300.000

Lista- og menningarsjóður Stykkishólmsbæjar:

Skotthúfan: 150.000 kr.

Júlíana Jónsdóttir sýning: 100.000 kr.

Jólasýning (24 dagar til jóla - jólagjafir): 100.000 kr.

Samtals: 350.000 kr.

Heildarupphæð styrkja: 5.250.000 kr.

Sýningar.



- *Lítill mæð heilsar* - Júlíana Jónsdóttir: Á sýningunni var ævihlaupi Júlíönu gerð skil, verkum hennar og tímanum er hún bjó í Stykkishólmi. Sýningin var partur af Júlíönuhátið sem haldin hefur verið í Stykkishólmi frá árinu 2013 (stóð mars - júní).

- *Umhverfing 3*: Sýningin var þáttur myndlistarverkefnisins Umhverfing sem Akademía skynjunarinnar stendur fyrir. Myndlistarverkefnið er ferðalag umhverfis landið með það að markmiði að setja upp sýningar á verkum myndlistarmanna sem eiga ættir að rekja í, eða tengjast því byggðarlagi, þar sem staldrað er við, hverju sinni. Sýningarnar eru settar upp í óhefðbundnu rými myndlistar og þannig myndast nýjar og spennandi tengingar milli staðhátta og verka listamannanna. Á sýningunni voru verk eftir 71 listamann og voru verk eftir 6 þeirra í Norska húsinu. Þeir voru: Árni Páll Jóhannsson, Ásta Sigurðardóttir, John Zurier, Sigurborg Stefánsdóttir, Steingrímur Eyfjörð og Ragnhildur Ágústsdóttir (stóð frá júní - september).

- *Safnaukasýning*: Sýndir voru gripir sem gefnir voru safninu á árinum 2017 - 2019 (stóð september - nóvember)

- *Gluggi til fortíðar, gersemar nútíðar og arfur framtíðar*: Endurgerð Norska hússins, var sumarsýning 2018 (stóð einnig september - nóvember 2019).

- 24 dagar til jóla – jólagjafir: Jólasýning safnsins fjallaði um jólagjafir barna (stöð nóvember - desember).

Viðburðir.

23. mars: Stofutónleikar með Þorgrími Péturssyni í tilefni Júlíönuháttíðar.

25. apríl: Á sumardaginn fyrsta var safna- og sýningadagur á Snæfellsnesi. Norska húsið - BSH var opið frá kl. 13-17.

17. maí: Viðurkenning frá Alþjóðaveðurfræðistofnunni WMO. Alþjóðaveðurfræðistofnunin WMO veitti árið 2019 tveimur veðurathugunarstöðvum á Íslandi viðurkenningu fyrir meira en 100 ára samfellda mælisögu. Þetta var stöðin að Teigarhorni í Berufirði og stöðin í Stykkishólmi.

Í tilefni viðurkenningarinnar efndi Norska húsið til stuttrar dagskrár föstudaginn 17. maí. Dagskráin hófst með stuttum fróðleikserindum frá Veðurstofu Íslands í Eldfjallasafninu en í lokin afhjúpaði Trausti Jónsson, veðurfræðingur viðurkenningarskjöld Alþjóðaveðurfræðistofnunarinnar í Norska húsinu.

18. maí: Alþjóðlegi safnadagurinn, þá var frítt inn á safnið.

29. júní: Skotthúfan: Hin árlega þjóðbúningahátíð Norska hússins haldin. Guðrún Hildur Rosenkjær hélt fyrirlestur - *Endurgerðar kvenpeysur frá 19. öld og sitthvað fleira á þrjónunum*. Gestum í þjóðbúning boðið í kaffi og pönnukökur í stofum Norska hússins og tónleikar í Gömlu kirkjunni með Ylju.

16.- 18. ágúst: Danskir dagar í Stykkishólmi. Í Norska húsinu - BSH var boðið upp á æbleskiver, brjóstsykursgerð og andlitsmálningu. Starfsfólk safnanna í Stykkishólmi sá um undirbúning Danskra daga ásamt sjálfboðaliðum.



29. nóvember: Jólaopnun hófst. Opið alla daga frá 1. - 22. desember frá kl. 11-17. Þann 12. og 19. desember var jólamarkaður kl. 20-22. Á Þorláksmessu var opið frá kl. 11-22.

8. desember: Á annan í aðventu, rifjuðu þau Ingi Hans Jónsson og Siguborg Kr Hannesdóttir upp ýmislegt um sögu jólanna.

14. desember: Ratleikur um safnið og nokkrir jólasveinkar kíktu í heimsókn.

Námskeið, ráðstefnur og önnur störf.

Þann 7. - 11. maí fór starfsfólk Byggðasafns Snæfellinga og Hnappdæla í safnaferð til Gdansk í Póllandi. Tilgangur ferðarinnar var að heimsækja og kynna starfsemi safna í Gdansk:

Söfn sem meðal annars voru heimsótt voru:

- Gdansk History Museum (Muzeum Historyczne Gdanska)
- Gdansk National Museum
- National Maritime Museum
- Museum of the Second World War (Muzeum II Wojny Swiatowej)

Búið var að hafa sambönd við öll söfnin fyrirfram og var starfsfólk sem tók móti okkur á söfnunum og sagði okkur frá starfsemi þeirra. Á WW2 safninu var einka leiðsögumaður sem við þurftum að panta fyrirfram, mikið af starfsfólki var í burtu og hafði ekki tók á að taka á móti okkur en það kom ekki að sök.

Ferðin gekk í alla staði mjög vel, við lærðum margt nýtt og mynduðum gott tengslanet. Ferðin var líka til þess að þjappa starfsfólkinu saman þar sem það vinnur yfirleitt í sitthvoru húsnaðinu.

Safnið fékk símenntunarstyk frá Safnaráð fyrir ferðinni - 300.000 kr.

Safnstjóri fór á farskóla safnmanna á Patreksfirði dagana 2. - 5. október. Þar var farið í safnaheimsóknir, málstofur og fleira.

Þann 15. nóvember fór Sigurður Grétar Jónasson á námkeið fyrir hönd safnsins sem bar heitið *Uppsetning (mounting) safngripa á sýningum*, námskeiðið var á vegum FÍSOS í samstarfi við Borgarsögusafn Reykjavíkur og haldið á Árbæjarsafni. Leiðbeinendur voru Nathalie Jacquemet og Ingibjörg Áskelsdóttir sem báðar eru forverðir og safnafræðingar. Sigurður Grétar hefur komið að uppsetningu ýmissa sýninga í Norska húsinu. Á námkeiðinu var farið yfir efnisval, tækni og tól þegar kemur að uppsetningu safngripa á sýningum, með verklegri kennslu seinni hluta dagsins. Námskeiðið var styrkt af safnsjóði, Borgarsögusafni Reykjavíkur og FÍSOS.

Krambúð.

Í krambúðinni fæst fjölbreytt úrval íslensks handverks. Bæði frá heimamönnum sem og öðrum íslenskum hönnuðum. Svipað fyrirkomulag er á rekstri búðarinnar og hefur verið, sumt er keypt inn, annað er í umboðssölu. Það er mikil gróska í íslensku handverki og safnstjóri leggur sig fram við að fylgjast með og fara meðal annars á *Handverk og Hönnun* markaðinn sem er haldinn einu sinni til tvisvar á ári í Ráðhúsi Reykjavíkur. Lagður er metnaður í að velja söluvöru sem hæfir safninu og fyrir ýmsa viburði líkt og Danska daga, 17. júní og jólaopnun eru sérstakar söluvörur sem hæfa tilefninu. Krambúðin tekur líka þátt í góðgerða verkefnum sem og sölu á jólakúlum til styrktar Styrktarfélagi lamaðra og fatlaðra.

Eftirlit Safnaráðs.

Eins og fram kom í ársskýrslu 2018 var gert eftirlit með húsakosti safns, aðbúnaði safnkosts, varðveislu gripa og öryggismálum. Þetta eftirlit fer fram á nokkurra ára fresti og er framkvæmt af eftirlitsnefnd safnaráðs. Er því framfylgt á þann hátt að viðurkennd söfn skila eftirlitseyðublöðum safna, fá í kjölfarið matsskýrslu frá eftirlitsnefnd safnaráðs og að lokum með heimsókn eftirlitsnefndar á staðinn. Er þessi hluti eftirlitsins þróaður í samstarfi við Þjóðminjasafn Íslands, höfuðsafn á sviði menningarminja og hófst þessi hluti eftirlitsins árið 2016. Byggðasafn Snæfellinga og Hnappdæla skilaði inn eftirlitseyðublöðum vorið 2018 sem unnin voru af Hjördísi Pálsdóttur og Sigurlínu Sigurbjörnsdóttur. Mikilvægt er að fara vel yfir Matsskýrslu Safnaráðs vegna eftirlitsins sem kom í mars árið 2019, var meðal annars stótt um styrk til Safnaráðs vegna matsins til að bæta geymslu.